

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 1096/2008
um aukastörf akademískra starfsmanna Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Hið sama á við um störf sem rækt eru í þágu verk-efna innan háskólans eða stofnana hans og eru ekki hluti af starfsskyldum viðkomandi starfsmanns.

2. gr.

1. málslíður 3. gr. orðast svo: Við ráðningu og árlega eftir það skal starfsmaður gera forseta þess fræðasviðs sem hann tilheyrir grein fyrir störfum og skuldbindingum sínum við fyrirtæki, stofnanir og aðra aðila innan og utan Háskólans á sérstöku eyðublaði.

3. gr.

1. málslíður 4. gr. orðast svo: Hyggist starfsmaður Háskólans taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, sbr. 3. gr., taka sæti í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar, þá ber honum að skýra forseta þess fræðasviðs sem hann tilheyrir frá því áður en hann ákveður að taka við starfinu.

4. gr.

Við 7. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Hið sama á við um kennslu og fyrirlestrahald í endurmenntunarnámi sem metið er til eininga.

5. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði samkvæmt heimild í 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 15. júní 2010.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.